



# Fréttabréf Naustaskóla

8. tölublað, 6. árgangur, 1. september 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

*Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!*

## Gangbrautin

Það hafa verið vægast sagt dræm viðbrögð við auglýsingu eftir sjálfbóðaliðum til starfa við gangbrautavörslu þetta haustið. Það er synd því að þetta er töluvert gefandi og skemmtilegt starf - og góður stuðningur við skólann því að ef foreldrar sjá um þessa gæslu getum við nýtt kraftana betur til gæslu innandyrna. Því er skorað á þá sem tók hafa á að taka þátt í þessu verkefni að gefa kost á sér með því að senda póst á [naustaskoli@akureyri.is](mailto:naustaskoli@akureyri.is)

## Hafragrauturinn

Við minnum á að nemendur eiga kost á að fá hafragraut hjá okkur á morgnana og er það alveg ókeypis og ótrúlega hollt og gott.....

## Lúsin

Það hefur töluvert orðið vart við lúsina í bænum nú í skólabyrjun og því mikilvægt að foreldrar séu stöðugt á verði og láti skólann vita ef vart verður við kvikindið. Hjúkrunarfræðingur sendir svo út pósta á foreldra ef vart verður við lúsina í okkar skóla. Vert er að minna á aldeilis prýðilegt fræðsluefni á vefnum <http://www.farvellus.dk> en þar má m.a. finna myndbönd með leiðbeiningum um lúsaleit

## Íþróttirnar

Ákveðið hefur verið að ekki sé eftir neinu að bíða með að hefja inniíþróttakennslu (sumarið búið :) og hún hefst því skv. stundaskrá núna strax í byrjun september og nemendur þurfa því framvegis að muna eftir íþróttatfatnaði (og skóm í 4. -10. bekk)

## Kæra skólasamfélag

Þá er skólastarfið komið í gang að fullu og fer bara afskaplega vel af stað. Við væntum mikils af þessu skólaári og ætlum okkar að ná lengra á mörgum sviðum og stefna að enn betri árangri fyrir nemendur okkar sem allt saman snýst að sjálfsögðu um. Síðastliðinn vetur var unnið að margs konar mati á skólastarfinu og voru helstu niðurstöður úr því m.a. birtar í Ársskýrslu skólans fyrir 2012-2013 sem aðgengileg er á heimasíðu skólans ásamt helstu gögnum s.s. niðurstöðum kannana o.fl. Er skemmst frá því að segja að við erum afar stolt af þessum niðurstöðum en í stuttu máli má segja að t.d. kannanir Skólapúlsins meðal nemenda, foreldra og starfsfólks hafi í langflestum þáttum sýnt mjög sterka stöðu skólans í samanburði við aðra skóla. En sem fyrr segir viljum við gera ennþá betur og höfum því ýmis járn í eldinum til að vinna að þennan veturinn. Má þar nefna áframhaldandi innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla með tilheyrandi rýni í kennsluhætti, námsmat og fleira, vinnu að umhverfismálum með það að marki að hljóta vottun með Grænfánanum, aukningu íþrótt- og útikennslu, áframhaldandi skref að mótun námssamfélags og margt fleira. Nú í upphafi fimmta starfsárs er því full ástæða til þess að við sem myndum skólasamfélag Naustaskóla séum stolt af skólanum okkar og þeim árangri sem hann hefur náð á fyrstu starfsárum sínum, og hjálpumst að við að gera hann að enn öflugra og þróttmeira athvarfi til náms og þroska fyrir börnin okkar - og okkur öll!

Skólakveðja, Ágúst Jakobsson,

## Morgunfundir

Í vikunni 9.-13. september, verða morgunfundir fyrir foreldra. Þar er um að ræða kynningu fyrir foreldra á starfi barnanna í skólanum o.fl. auk þess sem tækifæri gefast til umræðna og fyrirspurna. Fundirnir verða kl. 8:10-9:10 að morgni, nemendur mæta einnig á sama tíma og venjulega þessa daga nema nemendur í 8.-10. bekk sem fá að sofa örlítið lengur þann 12. sept. Fundirnir verða sem hér segir:

- **2.-3. bekkur fös. 13. september kl. 8:10**
- **4.-5. bekkur miðvd. 11. september kl. 8:10**
- **6.-7. bekkur mánud. 9. september kl. 8:10**
- **8.-10. bekkur fim. 12. september kl. 8:10 (nemendur í 8.-10. bekk mæti þann dag kl. 9:15)**

**Mikilvægt er að fulltrúar frá öllum nemendum mæti á fundina!**

## Grænfáninn - fulltrúar óskast í umhverfisnefnd!

Nú er skólinn að hefja markvissa vinnu í umhverfismálum með það að marki að hljóta vottun Grænfánans. Við erum því m.a. að stíga ákveðnari skref en fyrr í flokkun og biðjum foreldra og nemendur m.a. að aðstoða okkur með því að taka heim þann úrgang sem þarfnast þrifa fyrir flokkun, því að ekki er aðstaða í skólanum til að þrifa og þurrka þessa hluti þegar margir þurfa að komast að í einu. Eitt af því næsta sem við þurfum að gera er að stofna formlega umhverfisnefnd til að fylgja eftir framkvæmd Grænfánaverkefnisins en í nefndinni eiga að eiga sæti fulltrúar starfsfólks, foreldra og nemenda. Við óskum því eftir áhugasömum fulltrúum úr hópi foreldra til starfa í nefndinni og biðjum um að þeir sem vilja gefa kost á sér sendi tölvupóst á netfangið [naustaskoli@akureyri.is](mailto:naustaskoli@akureyri.is)



**Útivistarreglurnar**

**Á skólatíma**  
(1. september til 1. maí)

12 ára börn og yngri mega ekki vera úti eftir kl. 20  
13 - 16 ára börn mega ekki vera úti eftir kl. 22

## Hagnýtar upplýsingar varðandi mentor.is

Til að komast í Mentor ([www.mentor.is](http://www.mentor.is)) þarf að hafa aðgangsorð og lykilorð. Á Mentor má finna upplýsingar um nám nemenda, bekkjarlista, vitnisburð, ástundun, verkefnabækur og dagbækur nemenda. Hægt er að senda tölvupóst til foreldra árgangsins í gegnum Mentor þegar t.d. á að boða til afmælis eða annars hittings.

Inni á svæðinu ykkar er líka hægt að tilkynna veikindi (allt að tveimur dögum í einum) þannig að ekki þurfi að hringja að morgni til í skólann heldur fáið þið staðfestingu senda á netfangið ykkur þegar ritari hefur mótttekið beiðnina. Með þessu er t.d. hægt að skrá á miðvikudagskvöldi veikindi vegna fimmtudags.

Þeir sem ekki hafa aðgang að Mentor, eða eru búnir að gleyma aðgangsorðinu, geta leyst málið með því að fara inn á síðuna: [www.mentor.is](http://www.mentor.is) Þar er hægt að skrá sig inn í kerfið með notendanafni sem er kennitala án bandstriks. Sé viðkomandi ekki með lykilorð er smellt á "Gleymt lykilorð". Þá fer af stað ferli sem viðkomandi er leiddur í gegnum og fær þá sent lykilorð í tölvupósti. Ef allt kemur fyrir ekki er hægt að hafa samband við ritara skólans og fá sent lykilorð.

Nemendur eiga ekki undir neinum kringumstæðum að fara inn á vefinn með aðgangsorði foreldra sinna því þar birtast aðrar upplýsingar en á þeirra eigin spjaldi og þau eiga t.d. ekki að hafa aðgang að veikindaskráningu.

Nemendur eiga hins vegar sinn eigin aðgang sem þau geta notað til að skoða meðal annars heimavinnu. Á foreldraspjaldi sést fyrir neðan mynd barnsins aðgangsorð og lykilorð. Endilega skrifið þau niður fyrir börnin ykkar og aðstoðið við að fara inná Mentor ef þau kunna það ekki nú þegar.

Nemendur geta breytt lykilorðinu sínu eins og foreldrar þegar skráð er inn í fyrsta sinn í kerfið.

## Skólapúlsinn – foreldrar athugið!

Skólinn notar sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja nemendur í 6.-10. bekk spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi, viðhorf þeirra til námsins og ýmissa almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur um 20 mínútur að svara henni. Könnunin er hluti af sjálfsmati skólans og niðurstöður eru eingöngu birtar skólum í formi meðaltala og hlutfalla fyrir hópa. Niðurstöðurnar eru jafnframt notaðar af starfsmönnum Skólapúlsins til að framkvæma tölfræðigreiningar m.a. fyrir fræðsluskrifstofur, ráðuneyti og fræðimenn til að auka skilning á þroska og námsaðstæðum nemenda á landsvísu. Sjálfsmatskerfið hefur verið tilkynnt til Persónuverndar undir númerinu S5590. Engum persónuupplýsingum er safnað í Skólapúlsinum og því ekki hægt að sjá hver svaraði hverju. Ef að foreldri er mótfallið því að því nemandi svari spurningalistanum er það beðið um að hafa samband við skólann og verður þá nemandinn fjarlægður af þátttakendalistanum. Nánari upplýsingar um Skólapúlsinn eru á [www.skolapulsinn.is/um](http://www.skolapulsinn.is/um). Einnig er hægt að hringja í síma 499-0690 eða senda tölvupóst á [skolapulsinn@skolapulsinn.is](mailto:skolapulsinn@skolapulsinn.is).

## Alþjóðadagur læsis 8. september – Lestrarvöflur—ungir og aldnir

Hefur þú áhuga á að taka þátt í spennandi verkefni milli kl 14 og 16 sunnudaginn 8. september?

Þann 8. september verður boðið uppá lestur, vöflur og kaffi á Öldrunarheimilum Akureyrar, Hlíð og Lögmannshlíð í tilefni af alþjóðadegi læsis. Nemendur, ættingjar, vinir og aðrir velunnarar eru hvattir til að heimsækja þessa staði sunnudaginn 8. september kl 14 – 16 og sameinast yfir góðu lesefni og veitingum. Nægt lesefni verður á staðnum en gestum er auk þess frjálst að taka með sér sitt uppáhaldslesefni. Gestir verða hvattir til að lesa fyrir íbúa/heimilisfólk, lesa með þeim, hlusta hvert á annað, ræða um lesefni eða sökkva sér sjálfir niður í lesefni að eigin vali. Nemendur geta allt eins lesið eða spjallað um myndabækur, myndasögur, lesið af spjaldtölvu eða síma, í tímariti eða bók eftir því hvað þeim hentar. Lesefni mega þeir velja alfarið sjálfir.

Ef þú, fjölskylda þín og/eða vinir, hafið áhuga á að kíkja í heim-sókn á Hlíð eða Lögmannshlíð sunnudaginn 8. sept. kl 14 -16, njóta lestrar og fá þér vöflur, máttu gjarnan senda póst á [naustaskoli@akureyri.is](mailto:naustaskoli@akureyri.is) og segja okkur á hvorn staðinn þú vilt fara, svo við höfum hugmynd um fjölda gesta. Gott væri ef í póstinum væri netfang sem hægt væri að senda línu á þegar nær dregur.

Sama dag verður jafnframt boðið upp á lestrarvöflur í bóka-versluninni Eymundsson og eru ungir sem aldnir hvattir til að njóta samveru þar yfir góðu lesefni og rjúkandi heitum vöflum.

Kær kveðja,

Samstarfshópur um Dag læsis, Miðstöð skólaþróunar við HA,

Bókasafn HA, Amtsbókasafnið, Akureyrarstofa, Öldrunarheimili Akureyrar, Barnabókasafnið og Eymundsson



## Um einelti

Í Naustaskóla er unnið samkvæmt ákveðinni áætlun til að fyrirbyggja einelti og til að leysa þau mál sem upp kunna að koma. Eineltisáætlun skólans er birt í starfsáætlun hans en hana er einnig hægt að nálgast beint á heimasíðu skólans á slóðinni:

<http://naustaskoli.is/page/eineltisaetlun>

Mikilvægt er að við vinnum saman að því að fylgjast með líðan barnanna og meta hvort að þau þurfi á einhverjum tímamarki aðstoð til að leysa mál sem snúa að samskiptum í skólanum eða vinnuþingum. Hins vegar er mikilvægt að hafa í huga að upp geta komið samskiptaerfiðleikar hjá börnunum án þess að um einelti sé að ræða.

Við skilgreinum einelti þannig:

Einstaklingur er lagður í einelti ef hún eða hann verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil. Þrennt þarf að koma til svo að einelti teljist vera til staðar:

- Árásarhneigt eða illa meint atferli.
- Um er að ræða endurtekningu sem stendur yfir ákveðinn tíma.
- Ójafnvægi afls og valda í samskiptum.

Þegar grunur vaknar um að um einelti geti verið að ræða er fyrsta skrefið hjá okkur að kanna samskipti nemendanna með því að fylgjast með, taka viðtöl og í sumum tilfellum leggja fyrir tengslakannanir. Ef um einelti er að ræða er svo unnið eftir ákveðnu ferli sem byggist að mestu leyti á reglulegum viðtölum við gerendur og þolendur og samstarfi við foreldra.

Gott er að foreldrar hafi í huga eftirtalin einkenni sem gætu verið vísbendingar um að einelti eigi sér stað, og hafi samband við skólann ef grunsemdir vakna.

Tilfinningaleg einkenni:

- Breytingar á skapi.
- Tíður grátur, þarf lítið til að tárin komi fram.
- Svefntruflanir, getur ekki sofið, fær martraðir.
- Matarvenjur breytast, lystarleysi, ofát.
- Þunglyndi.

Líkamleg einkenni:

- Líkamlegar kvartanir, t.d. höfuðverkur, magaverkur.
- Kvíðaeinkenni eins og að naga neglur, stama, kækir ýmiss konar.
- Rifin fót og/eða skemmdar eigur / hvarf á eigum.
- Líkamlegir áverkar.

Félagsleg einkenni:

- Lítið sjálfstraust, hræðsla og kvíði.
- Barnið virðist einangrað, einmana, fær ekki heimsóknir og fer ekki í heimsóknir, forðast t.d. að fara í afmælisboð.

Hegðunarleg einkenni:

- Óútskýranleg skapofsaköst og/eða grátköst.
- Hegðunarerfiðleikar.

Skóli - einkenni:

- Barnið hræðist að fara eitt úr og í skóla, biður um fylgd og/eða fer aðra leið.
- Leggur fyrir af stað í skólann en venjulega eða fer seinna af stað.
- Skróp.
- Barnið mætir iðulega of seint.
- Forðast ákveðnar aðstæður í skólanum t.d. leikfimi eða sund.
- Lægri einkunnir, einbeitingarörðugleikar í námi.
- Einangrun frá skólafélögum.

Heimili - einkenni:

- Barnið neitar að fara í skólann.
- Einangrar sig frá öðrum í fjölskyldunni.
- Aukin peningþörf hjá barninu.
- Barnið neitar að leika sér úti eftir skóla.

## Göngum í skólann!

Við hvetjum nemendur okkar að sjálfsgöngu til að ganga í skólann enda búa langflestir í auðveldu göngufæri við skólann. Þetta er ekki síst nauðsynlegt vegna þess að eins og allir vita eru bílastæði við skólann af skornum skammti og aðgengi fyrir umferð ekki eins og best verður á kosið - enn sem komið er. Þar að auki er hreyfingin holl og gott að fá ferskt loft í lungunum að morgni dags.



## Aðalfundur Foreldrafélagsins

**Að minnsta kosti einn fulltrúi frá hverju heimili þarf að mæta á fundinn!**

Samkvæmt lögum Foreldrafélags Naustaskóla skal aðalfundur haldinn árlega í september.

**Hér með er því boðað til aðalfundar Foreldrafélags Naustaskóla fimmtudaginn 19. september kl. 20:00-22:00**

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf, hagnýtar upplýsingar og umræður fyrir foreldra og fleira. Afar mikilvægt er að við höldum áfram að móta þá hefð að foreldrar mæti á fundi Foreldrafélagsins og taki virkan þátt í starfinu. Við höfum fengið prýðisgóða mætingu á fundi sem þessa og við viljum að sjálfsgöngu gera enn betur í ár. Því leggjum við mikla áherslu á að allir nemendur skólans eigi fulltrúa á aðalfundinum!

**Naustaskóli leggur áherslu á þátttöku og áhrif foreldra, nýtum tækifærið og tökum þátt í að skapa gott og gagnlegt foreldrasamstarf.**

## Námshagnagjaldið...

Nokkrir eiga enn eftir að greiða námshagnagjald vetrarins sem er 4100 kr. fyrir hvern nemanda. Vinsamlegast greiðið sem allra fyrst!

**Reikningsnúmerið er 565-26-460110 kt. 460110-1140**



## Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

# September 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
1	2 Kjöthleifur, kartöflur, lauksósa og grænar baunir <b>Inniþróttakennsla hefst</b>	3 Öfnbakaður fiskur í karrýostasósu, hrísgrjón og paprika <b>Skólafærninámskeið</b>	4 Lambasteik, kartöflur, steikt grænmeti og sósa	5 Fiskipottréttur, hrísgrjón og salat <b>Kosið í nemendaráð</b>	6 Grænmetisúpa og heimabakað brauð <b>Bókadagur</b> <b>Útivistardagur?</b>	7
8	9 Fiskbúðingur, kartöflur, heit tómatsósa og gulrætur <b>Morgunfundur hjá foreldrum 6.-7.b</b>	10 Íslensk kjötsúpa <b>Opnið hús 5.-7.b 16:00-17:30</b> <b>Opnið hús 8-10b 19:30-21:30</b>	11 Grænmetispott-réttur, hýðishrísgrjón og sósa <b>Morgunfundur hjá foreldrum 4.-5. b</b>	12 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör <b>Morgunfundur hjá foreldrum 8.-10. b</b>	13 Ítalskur nautakjöts-réttur, kartöflustappa og salat <b>Morgunfundur hjá foreldrum 2.-3.b</b>	14
15	16 Plokkfiskur, rúgbrauð og gúrkur <b>"Göngum í skólann" - vikan</b>	17 Lasagna, hrísgrjón og salat <b>Opnið hús 8-10b 19:30-21:30</b>	18 Fiskur í raspi, kartöflur, sólskins-sósa og grænmeti	19 Pizza <b>Aðalfundur Foreldrafélagsins kl. 20-22</b>	20 Makkarónusúpa og slátur	21
22	23 Hakk, spaghetti og paprika <b>Samr.pr. 10.b ísl.</b>	24 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatsósa <b>Samr.pr. 10.b ens.</b> <b>Opnið hús 8-10b</b>	25 Grísasnitset, steiktur kartöflur, salat og brún sósa <b>Samr.pr. 10.b stæ.</b>	26 Öfnbakaður fiskur í blaðlauksósu, hrísgrjón og gúrkur <b>Samræmd próf í 4. og 7. bekk (ísl)</b>	27 Blómkálssúpa og heimabakað brauð <b>Samræmd próf í 4. og 7. bekk (stæ)</b>	28
29	30 Soðinn fiskur, kartöflur, tómatar og smjör	1. október Hakkabuff, kartöflur, grænmeti og sósa <b>Opnið hús 5.-7.b 16:00-17:30</b> <b>Opnið hús 8-10b</b>	2 Öfnbakaður tómatafiskur, hrísgrjón og salat	3 <b>Starfsdagur</b> <b>Frístund opin</b> (Steiktur kjúklingur, kartöflur og piparastasósa)	4 <b>Starfsdagur -</b> <b>Frístund lokað!</b>	5

**Muna: Foreldrar nemenda í 1. bekk - skólafærninámskeið 3. sept kl. 17:30**

**Aðrir foreldrar - morgunfundir vikuna 9.-13. sept, kl. 8:10 (sjá forsiðu)**

**3.-4. okt eru starfs dagar og mánudagurinn 7. október verður viðtalsdagur - fyrirkomulag viðtalsdagsins verður auglýst í lok septembermánaðar.**

**Næsta fréttabréf kemur út 1. október.**